

**FRÆÐSLUSVIÐ  
MOSFELLSBÆJAR  
SKÓLAÁRIÐ  
2012-2013**



MOSFELLSBÆR

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Fræðslunefnd .....	6
Grunnskólar Mosfellsbæjar .....	8
Varmárskóli .....	9
Lágafellsskóli.....	9
Krikaskóli .....	10
Tölulegar upplýsingar um grunnskólana .....	11
Kennslumagn .....	13
Niðurstöður samræmdra könnunarprófa haustið 2013.....	14
Stuðningur .....	15
Nýbúakennsla .....	15
Námsráðgjöf .....	15
Vinaleið.....	15
Frístundasel grunnskólanna í Mosfellsbæ .....	16
Leikskólar.....	18
Leikskólinn Hlaðhamrar .....	18
Leikskólinn Hlíð.....	18
Leikskólinn Hulduberg .....	19
Leikskólinn Reykjakot .....	19
Leirvogstunguskóli.....	20
Krikaskóli .....	20
Leikskóladeild í Lágafellsskóla .....	20
Leikskóladeild í Varmárskóla .....	20
Tölulegar upplýsingar um leikskólana .....	21
Daggæsla barna.....	23
Dagforeldrar .....	23
Gæsluleikvöllur.....	23
Foreldrasamstarf .....	24
Opin hús .....	24
Fræðsla til starfsfólk leik- og grunnskóla.....	26
Endurmenntunarstarf SSH.....	26
Nýjar aðalnámskrár leik- og grunnskóla.....	26
Mat á leik- og grunnskólastarfi.....	27
Próunar-, nýbreytni- og önnur verkefni .....	27

Tengsl milli skólastiga .....	27
Lýðheilsuverkefni.....	27
PALS.....	27
TRAS.....	28
Varmárskóli .....	29
Krikaskóli .....	29
Lágafellsskóli.....	29
Leikskólar .....	31
Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk .....	31
Litla upplestarkeppnin.....	32
Laxnessfjöðrin.....	32
Samstarf skólaskrifstofa .....	32
Listaskóli Mosfellsbæjar .....	33
Lokaorð .....	34

## Inngangur

Framkvæmdastjóri fræðsluviðs er Björn Þráinn Þórðarson. Hann er jafnframt forstöðumaður Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar og framkvæmdarstjóri Menningar sviðs. Aðrir starfsmenn Skólaskrifstofu veturinn 2012-2013 voru: Gunnhildur María Sæmundsdóttir skólafulltrúi, Magnea Steinunn Ingimundardóttir, verkefnastjóri fræðslu- og menningar sviðs, sálfræðingarnir; Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, Anna Sigríður Jökulsdóttir og Guðríður Haraldsdóttir.

Skólaskrifstofan starfar á fræðsluviði Mosfellsbæjar. Skrifstofan annast stjórnslu, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála bæjarfélagsins. Skólaskrifstofan fylgist með framkvæmd skólahalds og hefur yfirumsjón með áætlanagerð og almennt eftirlit með skólastarfi. Skólaskrifstofan sér leik- og grunnskólum fyrir sérfræðilegri ráðgjöf samkvæmt lögum og reglugerðum og hvetur til umbóta og framþróunar í skólastarfi, auk þess að koma að endurmenntun starfsmanna og fræðslu til foreldra.

Í skýrslunni er fjallað um starfsemi Skólaskrifstofunnar, starfsemi og tölfræði leik- og grunnskólanna auk upplýsinga um foreldrasamstarf, dagforeldra og listaskóla svo eitthvað sé nefnt. Allar tölur miðast við 1. október 2012 nema annað sé tekið fram.



## Fræðslunefnd

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar fer, í umboði bæjarstjórnar, með yfirstjórn fræðslumála á vegum Mosfellsbæjar.

Hlutverk fræðslunefndar er samkvæmt [3. grein](#) samþykktar fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar<sup>1</sup>:

- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í fræðslumálum og hafa eftirlit með að stefna bæjarvalda á hverjum tíma sé haldin
- að hafa eftirlit með stofnunum, sem vinna að fræðslumálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í fræðslumálum með tölulegum upplýsingum og könnunum meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar
- að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.
- að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í fræðslumálum.

Hlutverk fræðslunefndar samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla er:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu,
- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
- að fara með málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla.

Verkefni fræðslunefndar eru samkvæmt [4. grein](#) áður nefndar samþykktar fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar:

-að fara með þau verkefni sem skólanefnd eru falin samkvæmt lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#)

-að fara með verkefni sem leikskólanefnd eru falin samkvæmt lögum um leikskóla, [nr. 90/2008](#).

-að fara með málefni Listaskóla Mosfellsbæjar, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, [nr. 75/1985](#).

-að fara með málefni framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#)

að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og hafa eftirlit með rekstri gæsluvalla fyrir börn.

-að hafa heildaryfirsýn yfir dagvistun fyrir börn í sveitarfélaginu og sjá til þess að íbúar geti fengið aðgengilegar upplýsingar um þau mál.

-að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn. Fulltrúar í fræðslunefnd 2012-2013 voru

<sup>1</sup> Sett með heimild í 54. og 55. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 428/2000 Samþykkt á 374. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 21.05.2003



Eva Magnúsdóttir (D) formaður , Bryndís Brynjarsdóttir (V), varaformaður, Hafsteinn Pálsson (D), Elísabet Ólafsdóttir (D), Sæunn Þorsteinsdóttir (M). Anna Sigríður Guðnadóttir (S) áheyrnafulltrúi.

Áheyrnarfulltrúar þegar fundað var um leik- og/eða grunnskólamál 2012-2013: Guðrún Þórhildur Elfarsdóttir, fulltrúi grunnskólastjórnenda, Þuríður Stefánsdóttir, fulltrúi leikskólastjórnenda, Lísu Sigríður Greipsson, fulltrúi grunnskólakennara, Guðrún Helga Kristjánsdóttir,, fulltrúi starfsmanna leikskóla, Sólveig Franklinsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Kolbrún Jóhannsdóttir,, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Áheyrnarfulltrúar þegar fundað er um málefni Listaskólans: Atli Guðlaugsson skólastjóri Listaskólans, Símon H. Ívarsson fulltrúi starfsmanna tónlistardeildar, Daði Þór Einarsson stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar

Starfsmenn fræðslunefndar: Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdastjóri fræðsluviðs, Gunnhildur María Sæmundsdóttir skólafulltrúi og Magnea Steinunn Ingimundardóttir verkefnastjóri.



## Grunnskólar Mosfellsbæjar

Grunnskólar Mosfellsbæjar störfuðu á skólaárinu 2012 - 2013 eftir lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#) og reglugerðum við þessi lög. Starfað var eftir nýrri aðalnámskrá frá 2011 en innleiðing hennar stendur enn yfir en gert er ráð fyrir að innleiðing taki allt að 3 -4 ár. Jafnframt vinna skólarnir eftir Skólastefnu Mosfellsbæjar frá 2010 og öðrum samþykktum bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er snerta skóla. Auk þess tekur starfsemi skólanna mið af öðrum lögum um opinbera þjónustu, reglugerðum við þau auk kjarasamninga starfsmanna.

Sjálfstæði grunnskólanna í Mosfellsbæ hefur aukist á undanförunum árum. Með sjálfstæði skóla er átt við faglegt, fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði skóla til að útfæra þá stefnu sem mörkuð hefur verið af ríki (lög, reglugerðir og aðalnámskrá), sveitarfélaginu (Skólastefnu) og með kjarasamningum. Skólarnir bera ábyrgð á framkvæmd ofangreindrar stefnumótunar.

Með faglegu sjálfstæði er átt við að skóli móti sjálfur faglegt starf sitt og sérstöðu innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar sveitarfélagsins. Stefna skólanna birtist í starfsáætlunum/skólanámskrám þeirra. Áætlun um sjálfsmat skólanna og símenntunaráætlanir og fleira eru hluti af starfsáætlunum/skólanámskrám skóla.

Með fjárhagslegu sjálfstæði er átt við að skóli ráðstafi því fjármagni sem hann fær úthlutað við upphaf hvers almanaksárs innan ramma laga, kjarasamninga og stefnumörkunar sveitarfélagsins. Hver skóli fær úthlutað fjárhagsramma skólans fyrir viðkomandi ár við upphaf ársins. Úthlutun fjármagnsins er samkvæmt þar til gerðu reiknilíkani. Hver skóli gerir rekstraráætlun fyrir hvert ár. Í henni er kynnt áætluð ráðstöfun þess fjármagns sem skólinn fær úthlutað. Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að skólinn sé innan fjárhagsrammans við lok hvers árs.

Með stjórnunalegu sjálfstæði er átt við að skólar móti sjálfir skipulag og stjórnun innan skólans og hafi ráðningu allra starfsmanna í höndum sínum.

Skóladagatal er unnið af skólunum og leitast skólarnir eftir fremsta megni við að samræma starfsdaga grunn- og leikskóla foreldrum bæjarfélagsins til hægðarauka. Skóladagatalið er síðan staðfest í fræðslunefnd ár hvert.

### **Varmárskóli,** [www.varmarskoli.is](http://www.varmarskoli.is)

Skólastjórar: Þórhildur Elvarsdóttir og Þórunna Rósa Ólafsdóttir.

Varmárskóli var stofnaður árið 1961 í húsnæði Brúarlands sem áður hýsti Brúarlandsskóla og var hann starfræktur sem barnaskóli til lokar síðustu aldar er ákveðið var að sameina Gangfræðaskóla Mosfellsbæjar og Varmárskóla undir nafninu Varmárskóli. Nemendafjöldi barnaskólans óx í takt við stækkandi bæjarfélag og sem dæmi má nefna að árið 1978 voru í Varmárskóla um 500 nemendur en 1999 voru þeir orðnir 1100, enda eini grunnskóli bæjarins.



Á síðasta skólaári voru í Varmárskóla 680 nemendur

Skólaveturinn 2012 – 2013 voru í Varmárskóla 114 starfsmenn, þar af voru 74 við kennslu, námsráðgjöf og stjórnun í 65,38 stöðugildum, 40 voru í öðrum störfum í 24,8 stöðugildum.

Áherslur í starfi Varmárskóla, auk hefðbundins skólstarfs, er útikennsla og umhverfisvernd.

### **Lágafellsskóli,** [www.lagafellsskoli.is](http://www.lagafellsskoli.is)

Skólastjóri: Jóhanna Magnúsdóttir

Lágafellsskóli hóf starfsemi árið 2001. Á fyrsta starfsári skólans voru þar 250 nemendur í 1-6.bekk og var á þeim tíma áætlað að skólinn myndi hýsa um 500 nemendur þegar hann næði fullri stærð. Frá þeim tíma hefur skólinn tvisvar verið stækkaður og nemendafjöldi á síðasta skólaári voru 702 nemendur auk 45 barna á leikskóladeild.

Skólaveturinn 2012 – 2013 voru í Lágafellsskóla 129 starfsmenn, þar af voru 71 við kennslu, námsráðgjöf og stjórnun í 62,58 stöðugildum, 58 voru í öðrum störfum í 31,38 stöðugildum.



Sérstakar áherslur í Lágafellsskóla er fjölbreytileiki

einstaklingsins og einstaklingsmiðað nám. Einkunnarorð skólans eru: Samvera, samvinna, samkennd.

Uppbyggingastefnan hefur verið í þróun hjá Lágafellsskóla undanfarin ár og er hún að festa sig í sessi þar sem markmiði er að kenna nemendum sjálfsaga og sjálfstjórn, gera sér grein fyrir þörfum sínum og uppfylla þær, finna lífsgildi sín og hegða sér samkvæmt þeim og að styrkja vilja og sjálfmynd nemandans. Með öðrum orðum að byggja upp sjálfstraust og að hjálpa nemandanum til að verða sá sem hann vill verða.



## Krikaskóli [www.krikaskoli.is](http://www.krikaskoli.is)

Skólastjóri: Þrúður Hjelm

Krikaskóli tók til starfa sumarið 2008. Útibú hans var staðsett veturinn 2009-2010 í Helgafellslandi, Brekkukoti, eða fram til apríl 2010 er skólinn flutti í sitt endanlega húsnæði í Sunnukrika. Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 2ja - 9 ára og starfsemin tekur mið af skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskólum.

Veturinn 2012-2013 voru 79 börn á grunnskólaaldri í Krikaskóla. Sérstakar áherslur í starfi Krikaskóla er samkenndi árganga og útikennsla. Sjá nánar hér **Krikaskóli**



### Tölulegar upplýsingar um grunnskólana

1461 nemendur hófu nám í grunnskólum Mosfellsbæjar haustið 2012, 702 í Lágafellsskóla, 680 í Varmárskóla og 79 í Krikaskóla og er það fjölgun um 32 nemendur.

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda 01.10.12:

Lágafellsskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi Bekkjardeilda*
1. bekkur	79	4
2. bekkur	56	3
3. bekkur	79	4
4. bekkur	68	3
5. bekkur	81	4
6. bekkur	61	3
7. bekkur	85	4
8. bekkur	69	3
9. bekkur	67	3
10. bekkur	57	3
Samkennsla/námsver 8-10b		
<b>Samtals</b>	<b>702</b>	<b>34</b>

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda 01.10.12:

Varmárskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi bekkjardeilda*
1. bekkur	45	3
2. bekkur	52	3
3. bekkur	57	3
4. bekkur	70	3
5. bekkur	81	4
6. bekkur	81	3
7. bekkur	64	3
8. bekkur	63	3
9. bekkur	70	3
10. bekkur	79	3
Samkennsla/námsver 8-10b	18	1
<b>Samtals</b>	<b>680</b>	<b>32</b>


\* Ath. fjöldi bekkjardeilda innan árgangs gefur oft ekki rétta mynd af meðalfjölda nemenda í bekk eða nemendahópi. Oft er bekkjum skipt upp í ákveðnum tilgangi eða í ákveðnum greinum þeim skipt í smærri hópa. Færri nemendur eru þá á hvern kennara þegar svo ber undir.

Krikaskóli	Nemendafjöldi	Fjöldi bekkjardeilda
1. bekkur	26	1
2. bekkur	22	2
3. bekkur	18	1
4. bekkur	13	1
<b>Samtals</b>	<b>79</b>	<b>5</b>



Próun nemendafjölda (1. - 10. bekkur) í grunnskólum Mosfellsbæjar 2002-2013 (tölur miðast við 1. okt ár hvert)

	2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13
Varmárskóli	823	794	732	725	696	710	716	680	662	678	680
Lágafellsskóli	371	443	516	567	628	629	666	681	702	679	702
Krikaskóli	0	0	0	0	0	0	0	29	57	82	79
Samtals	1194	1237	1248	1292	1324	1339	1382	1390	1421	1439	1461



Í Klettaskóla voru 5 börn veturinn 2012-13

Próun nemendafjölda í sérskólum 2002-2013 (Öskjuhlíð, Safamýraskóli síðar Klettaskóli)

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13
8	7	5	6	8	8	4	4	4	6	5

Nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar með lögheimili utan Mosfellsbæjar skólaárið 2012-13 voru 24 og komu þau öll frá Reykjavík. Um er að ræða börn á vegum barnaverndar, börn frá Fitjum, Varmárdal og Kjalarnesi auk barna sem eru að flytja í Mosfellsbæ í húsnæði í byggingu og lögheimili því oft að detta inn á meðan skólaárið stendur yfir

Próun nemendafjölda sem er með lögheimili utan Mosfellsbæjar en stundar nám í grunnskólum Mosfellsbæjar 2002-2013

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13
9	9	7	9	14	13	18	12	17	15	24

Nemendur í almennum skólum utan Mosfellsbæjar voru 14, þar af voru 4 við nám í Waldorfsskólum, 2 í Suðurhlíðaskóla, 6 í Reykjavík og tvö úti á landi,

Þróun nemendafjölda sem stundar nám í almennum grunnskólum utan Mosfellsbæjar (með lögheimili í Mosfellsbæ) 2002-2013

2002-3	2003-4	2004-5	2005-6	2006-7	2007-8	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13
10	12	7	6	18	23	25	22	15	13	14

### Kennslumagn

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar samþykkti á 149. fundi nefndarinnar þann 17. maí 2005 að fjölga kennslustundum í 1. – 4. bekk frá og með hausti 2005 umfram það sem tiltekið er í lögum. Kennslustundafjöldi þessara bekkja fór úr 30 stundum á viku í 35 þar til vorið 2009 þegar tekin samræmd ákvörðun á höfuðborgarsvæðinu um að taka þessa áður nefndu viðbótartíma af þ.e. fækka aftur um 5 kennslustundir hjá 1. – 4. bekk. Hafa ber þetta í huga þegar þróun kennslustundafjölda skólanna er skoðuð milli ára en auk þess stýrir fjöldi bekkjardeilda stóran þátt í breytingum milli ára.

### Lágafellsskóli 2012-2013

Kennslustundafjöldi almennrar kennslu	1200
Kennslustundafjöldi skiptitíma og bókasafn	208
Sérkennsla	<u>191</u>
Samtals kennslustundafjöldi skólans	1599

Þróun kennslustundafjölda frá 2002-2013 í Lágafellsskóla.

Skólaár	Kennslumagn
2002 - 2003	892
2003 - 2004	1007
2004 - 2005	1130
2005 - 2006	1410
2006 - 2007	1479
2007 - 2008	1609
2008 - 2009	1630
2009 - 2010	1592
2010 - 2011	1563
2011 - 2012	1474
2012 - 2013	1599



## Varmárskóli 2011-2013

Kennslustundafjöldi almennrar kennslu	1043
Kennslustundafjöldi skiptitíma og bókasafn	257
Sérkennsla	<u>194</u>
Samtals kennslustundafjöldi skólans	1494

Próun kennslustundafjölda frá 2002-2012 í Varmárskóla

Skólaár	Kennslumagn
2002 - 2003	2008
2003 - 2004	1894
2004 - 2005	1777
2005 - 2006	1745
2006 - 2007	1649
2007 - 2008	1688
2008 - 2009	1668
2009 - 2010	1566
2010 - 2011	1555
2011 - 2012	1529
2012 - 2013	1494

## Niðurstöður samræmdra könnunarprófa haustið 2013

Megintilgangur samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum sem og tækifæri fyrir skóla að skoða einstaka þætti, hvað er vel gert og hvar má gera betur.


Í 2. grein reglugerðar númer 435 frá apríl 2009 segir um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa er að:

- athuga eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur,
- veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa á þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Niðurstöður prófanna gefa því til kynna hvar nemendur standa gagnvart öðrum nemendum á landinu og eru jafnframt gott hjálpartæki fyrir kennara og nemendur til að greina stöðuna í viðkomandi grein.

Námsmatsstofnun hefur gefið út tvær skýrslur um niðurstöður samræmdra prófa 2012 og innihalda þær áhugaverðar upplýsingar um heildarniðurstöður. Önnur skýrslan tekur á dreifingu einkunna, meðaltöl á landsvísu og niðurstöðum eftir landshlutum hjá 4., 7. og 10. bekk. Hin sýnir meðtöl einstakra skóla s.l. ár.



Mikil vinna er lögð í úrvinnslu gagna og settar upp áætlanir hvað varðar einstaka þætti og einstaka árganga. Greint var frá niðurstöðum samræmdra prófa haustið 2012 á 277. fundi fræðslunefndar 12. febrúar 2013, málsnúmer 201211190

### **Stuðningur**

Grunnskólar Mosfellsbæjar hafa á að skipa margvíslegum og fjölbreyttum stuðningi fyrir nemendur sína allt eftir þörfum hverju sinni. Námsver, átaksverkefni, sérkennsla í hóp til lengri eða skemmri tíma, einstaklingskennsla, stuðningshópar og stuðningsfulltrúar inn í bekkjum og margt fleira en allt eru þetta dæmi um þau úrræði sem skólarnir hafa yfir að ráð til að koma á móts við fjölbreyttan nemendahóp. Skólar bera ábyrgða á að einstaklingsáætlanir eða hópáætlanir séu gerðar fyrir þá nemendur sem fengu sérkennslu. Námskrám er ætlað að vera skráning á markmiðum vetrar og langtímamarkmiðum, upptalningu á kennslufyrirkomulagi, tímafjölda, persónulegum upplýsingum og mati á stöðu nemanda. Í sértækum málum leita skólar til fagaðila utan skólanna og þá fyrst og fremst til sérfræðiþjónustu. Sérfræðiþjónusta Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar sem gefur út sér árskýrslu um umfang og vinnu hvers skólaárs.

### **Nýbúakennsla**

37 nemendur í grunnskólum Mosfellsbæjar töldust nýbúar og/eða tvítýngdir veturinn 2012-2013 og fengu þeir mismikla þjónustu (stuðning) allt eftir þörfum hvers og eins.

### **Námsráðgjöf**

Námsráðgjöf er forvarnarstarf sem fer fram í trúnaði. Markmiðið er að standa vörð um velferð nemenda og veita þeim ráðgjöf er tengist námi þeirra. Námsráðgjafi aðstoðar nemendur í persónulegum málum til að auka líkur á því að þeir nái árangri í námi. Hann aðstoðar nemendur við námstækni, skipulagningu á námi, valgreinar, líðan í skólanum, sér um kynningu á náms- og starfsvali og ýmislegt fleira. Námsráðgjafi vinnur með nemendum, foreldrum/forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Námsráðgjafar vinna að ýmiskonar verkefnum er tengjast forvörnum, gerð og úrvinnslu kannana, atvinnutengdu námi, sitja í nemendaverndarráði og áfallateymi o.m.fl.

### **Vinaleið**

Í báðum grunnskólunum er starfrækt svo kölluð vinaleið. Starfsmaður Vinaleiðar kemur í skólana og býður nemendum upp á sálgæslu og vinnur að forvörnum. Nemendur geta leitað til vinaleiðar með sín erindi en tekið skal fram að vinaleiðin er hvorki meðferðarúrræði né kemur í stað námsráðgjafar í skólunum.

Nemendur koma í Vinaleið m.a. vegna: sorgaráfalls vegna fráfalls náins ættingja (eða gæludýrs) skilnaðar foreldra, atvinnuleysi foreldra, vanlíðan, leiði, kvíði, einmannaleiki, áhyggjur, stríðni, vinkonu/vinaerjur, samskiptaörðugleikar, ósætti á heimili. Starfsmaður Vinaleiðar veitir nemendum eftirfylgd í tvö ár sem hafa misst náinn ættingja. og veitir nemendum viðtal í samvinnu við umsjónarkennara, foreldra og nemendaverndarráð skólans.

## Frístundasel grunnskólanna í Mosfellsbæ

Í frístundaseljum Mosfellsbæjar er skipulagt frístundastarf fyrir nemendur utan hefðbundins skólatíma. Veturinn 2012 -2013 sóttu yfir tvö hundruð nemendur frístundasel skólanna og var mikill stöðuleiki í aðsókn, helstu breytingar voru að fólk ýmist fjölgaði eða fækkaði tímum.

Í samþykkt um frístundasel segir:

1. Frístundasel fyrir 1. – 4. bekk eru starfrækt af Grunnskólum Mosfellsbæjar. Markmið frístundaseljanna er að mynda heildstæða umgjörð um skóladag barnanna. Frístundaselin bjóða upp á margvísleg verkefni, t.d. íþrótt-, tómsunda-, lista- og menningarverkefni. Helstu áherslur í starfinu eru öryggi, útivist, hreyfing, fjölbreytni, tómsundir, íþróttir og vellíðan.
2. Að öllu jöfnu eru frístundasel opin daglega alla daga á starfstíma skóla, en daglegur opnunartími tekur þó mið af því hvernig skólinn fléttar starfið inn í daglega viðveru barna í skólanum og getur því verið breytileg frá ári til árs. Í samræmi við starfsáætlanir grunnskólanna ber skólastjórum að upplýsa foreldra að vori um fyrirkomulag næsta skólaárs.

### Eftirfarandi gildir um lokun frístundaselja á starfstíma skólanna:

Frístundaselin veita þjónustu í vetrar, jóla- og páskafríum að lokinni könnun á meðal foreldra. Veita skal 8 tíma þjónustu þá daga sem opið er. Frístundaselin eru lokuð tvisvar á vetri á starfsdögum grunnskólanna. Á þeim tíma vinnur starfsfólk að skipulagsvinnu og endurmenntun. Skólastjórar skulu upplýsa foreldra um þessa daga að hausti.

### 3. Markmið frístundaselja er:

- að tryggja börnum heildstæða umgjörð um skóladaginn að aflokinni hefðbundinni kennslu og vera þannig hluti af samfelldum skóladegi
- tengja saman tómsunda- og íþróttastarf við starfsemi frístundaselja
- að vera skjól og gæsla fyrir yngstu nemendur grunnskólans til hvíldar, afþreyingar og tómsunda
- að eiga gott samstarf við foreldra um tilboð frístundaselja, m.a. með því að tryggja gott upplýsingastreymi milli foreldra og starfsmanna og með því að upplýsa foreldra um umgjörð, markmið og skipulag starfsins
- að gefa sem flestum börnum kost á að kynnast íþróttum, útivist og öðru tómsundastarfi
- að bjóða upp á fjölbreytileg tilboð og sníða þannig starfið eftir þörfum og áhuga hvers og eins
- að gera börn virkari í tómsundum og tómsundaleit sinni og leggja þannig grunn að virkni á unglings- og fullorðinsárum
- að börn ljúki sem mestu af frístundastarfi sínu í beinu framhaldi af kennsludegi grunnskólans og þannig skapist drýgri tíma fyrir fjölskyldur til samveru að loknum venjulegum vinnudegi
- að koma á samstarfi við frjáls félagasamtök í Mosfellsbæ, sem leggja rækt við barna- og unglingsstarf, t.d. íþrótt- og tómsundafélög
- að efla listir og menningu sem hluta af frístundastarfi barna

[Samþykkt um frístundasel](#) sem samþykkt var á 579. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 25. apríl 2012 má sjá í heild sinni á heimasíðu Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is)

Frístundarselin gerðu samstarfssamning við Aftureldingu um Frístundafjör fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. **Vorið 2012** hlaut þetta samstarfsverkefni Aftureldingar og frístundaseljanna tilnefningu til foreldraverðlauna **Heimilis og skóla**

*Markmiðið með Frístundafjörinu er að börnin fái að kynnast sem flestum greinum íþróttar og geti í framhaldi af því í 3. bekk ákveðið hvaða íþrótt þau vilja stunda. Það er ekki markmið Frístundafjörnsins að búa til sérhæfða afreksíþróttamenn, heldur að börnin fái að stunda íþróttir/hreyfingu í sem fjölbreyttasta formi. Einnig er það markmiðið að börnin myndi sér jákvætt hugarfar í garð hreyfingar og íþróttar hverskonar. Með markmiðsetningu fyrir Frístundafjörinu eru **markmið Íþróttasambands Íslands fyrir börn 8 ára og yngri höfð að leiðarljósi:***

- *Að æfingarnar séu fjölbættar og stuðli að bættum hreyfiproska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.*
- *Að þjálfunin fari fram í leikformi.*
- *Að æfingarnar séu skemmtilegar.*
- *Að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku.*
- *Að fjölgreinafélög sjái til þess að öll börn á þessum aldri hafi tækifæri til að stunda íþróttir með þessum hætti í ódeildaskiptum íþróttaskólum eða námskeiðum á vegum félaganna.*





## Leikskólar

Mosfellsbær starfrækti skólaárið 2012-2013, 7 leikskóla, Hlaðhamra, Hlíð, Hulduberg, Leirvogstunguskóli, Reykjakot og Krikaskóla auk leikskóladeildar við Lágafellsskóla.

Samtals voru í leikskólunum 598 börn –langflest í 9 tíma vistun

Sumarið 2013 voru skólarnir í samstarfi sín á milli um þjónustu þann tíma sem fáir eru að nýta hana. Farin er sú leið að leikskólarnir sameina starfsemi sína og starfrækja einn sumarleikskóla og var hann á Hlaðhömrum í júlímánuði. Störfuðu þar starfsmenn allra skólanna og skólastjórnendur skiptu með sér verkum. Þetta er sama fyrirkomulag og haft var á sumarið 2011 (í Krikaskóla) og sumarið 2012 (á Huldubergi) og voru starfsmenn og stjórnendur skólanna á einu máli um að þetta fyrirkomulag henti vel.

Árlega er haldin menningarvika leikskólanna en þá halda leikskólabörnin listasýningu á Torginu í Kjarna. Daglega í menningarviku er samsöngur barnanna frá öllum leikskólunum. Foreldrar og aðrir bæjarbúar koma á sýninguna og er óhætt að segja að menningarvika setji skemmtilegan svip á mannlífið í Kjarna og er því að verða fastur viðburður í bæjarlífinu.

Í leikskólum Mosfellsbæjar fer fram mikið og gott faglegt starf en hér á eftir er yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Mosfellsbæ starfsárið 2012-13, ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt öðrum upplýsingum. Allar tölulegar upplýsingar miðast við 1. október 2012.

### Leikskólinn Hlaðhamrar

Leikskólastjóri: Sveinbjörg Davíðsdóttir

Leikskólinn Hlaðhamrar er elsti leikskóli Mosfellsbæjar. Hann hefur verið starfræktur frá 8. október 1976 en þá keypti Mosfellshreppur íbúðarhúsið og landið Hlaðhamra. Byggt var við leikskólann 1996-1997 svo að hann mætti fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til húsnæðis leikskóla í dag og hefur sú bygging reynst vel. Leikskólinn er fjögurra deilda. S.l. starfsár voru þar 83 börn.

Sérstakar áherslur í leikskólastarfinu eru: Gæði í samskiptum og skapandi starf. Er þar fyrst og fremst horft til hugmynda Loris Malaguzzi, stefna sem nefnd hefur verið Reggiostefnan. Markmiðið er að leikskólabörnin öðlist sterka sjálfsvitund, hæfni í samskiptum, skapandi færni og frjóa hugsun. Lykilorð í allri samvinnu og samstafi Hlaðhamra er virðing.



### Leikskólinn Hlíð

Leikskólastjóri: Jóhanna S. Hermannsdóttir

Leikskólinn tók til starfa 1985 og leysti þá af hólmi leikskólann í Reykjadal. Um helmingur af plássunum voru þá heilsdagspláss en hinn helmingur hálf dagspláss. Árið 1994 var heilsdagsplássunum fjölgað, hætt með hálf dagspláss og boðið upp á 6 tíma og heilsdagspláss. Ný viðbygging var tekin í notkun 1. mars 2003 og bættust þá við um 25 pláss. Byggingin heppnaðist vel og aðstæður barna og starfsmanna böttnuðu til muna. S.l. starfsár voru þar 97 börn.



Sérstakar áherslur í leikskólastarfinu eru: Skapandi starf og skapandi hugsun.

Er þar fyrst og fremst unnið eftir svokölluðum "Þróunarsamvirkni kenningum", þ.e. barnið lærir og þroskast í samvirkni við umhverfið. "Learning by doing" eru slagorð fyrir þessa kenningu og lýsa

innhaldi hennar nokkuð vel. Leikskólinn hefur einnig oft verið nefndur "Kubbaleikskólinn" því kubbar eru aðalleikefni skólans. Sérstakar áherslur í Hlíð eru á hugtökin jákvæðni og kurteisi. Leikskólinn hefur einnig lagt áherslu á listmenninu og listsköpun.

### Leikskólinn Hulduberg

Leikskólastjóri: Þuríður Stefánsdóttir

Leikskólinn Hulduberg tók til starfa 2. nóv. 1999. Þrjár deildir af fjórum voru strax teknar í notkun en Varmárskóli, Vestursetur hafði fjórðu deildina að láni undir sína starfsemi. Í upphafi skólaárs 2000 fékk svo Hulduberg fjórðu deildina til sín þegar Vestursetursbörnin fóru í Lágafellsskóla. Í febrúar 2006 var tekin í notkun viðbygging við leikskólann, 2 leikskóladeildir, ásamt sérkennsluherbergi svo og náttúruvísindaherbergi, alls 280,6 fermetrar. Á haustdögum 2005 var sett á stofn leikskóladeild sem sérstaklega var ætluð elstu börnum leikskólans. Deildin var staðsett í lausri kennslustofu við austurinnangang Lágafellsskóla. Þar voru samtals 18 ára börn en haustið 2007 var stofnuð leikskóladeild inn í Lágafellsskóla og var starfsemi í þessari lausu kennslustofu því lögð af. Frá haustinu 2011 var tekin sú ákvörðun að öll verðandi 5 ár börn fóru á Lágafellsdeildina og voru því einungis 3 árgangar á Huldubergi skólaárið 2011-12 og kallaði sú breyting á það að skoða þurfti stöðugildi, dagsskipulag, leikfangakost og aðlaga starfið að breyttri samsetningu aldurs. S.l. starfsár voru þar 135 börn á aldrinum 2ja til 4 ára.



Sérstakar áherslur í leikskólastarfi eru Umhverfisvernd og umhverfismennt. Hulduberg er "grænn" leikskóli. Unnið er eftir "Þróunar og samvirknikenningum" þar sem áhersla er lögð á þá leið/aðferð sem er farin fremur en útkomuna og að börnin fái að túlka sína reynslu á eigin forsendum og finni sjálf lausn á "vandamálum" sem upp geta komið. Áhersla er á að skoða og njóta nánasta umhverfis.

### Leikskólinn Reykjakot

Leikskólastjóri: Gyða Vigfúsdóttir

Leikskólinn Reykjakot tók til starfa árið 1994. Upphaflega var áætlun um að taka aðeins tvær deildir af þremur í notkun því talið var að biðlistinn myndi tæmast við það. Á lokasprettinum var þó ákveðið að opna allar þrjár deildirnar. Árið 1998 var svo fjórðu deildinni bætt við Reykjakot en þá var færanleg kennslustofa sett á lóð leikskólans. Tvær færanlegar kennslustofur til viðbótar hafa verið settar á lóð leikskólans. Í ágúst 2004 var stofnuð leikskóladeild frá Reykjakoti við grunnskóla og var sú deild staðsett í Varmárskóla. Markmiðið með leikskóladeildinni var að efla starf meðal elstu barna leikskólanna og nýta til þess þekkingu og reynslu 2ja skólastiga þ.e. leik- og grunnskóla. S.l. starfsár voru þar 98 börn á aldrinum 2ja – 5 ára.



Leikskólinn Reykjakot hefur um árabil haft skólastefnu Hjallastefnunnar að leiðarljósi. Hjallastefnan setur í öndvegi jafnan rétt kynjanna, einfaldleika og sköpun.

## Leirvogstunguskóli

Aðstoðarleikskólastjóri/daglegur stjórnandi: Guðrún Björg Pálsdóttir  
Leirvogstunguskóli var opnaður 17. ágúst árið 2011 og hefur verið rekinn sem útibú frá leikskólanum Reykjakoti. 32 börn hófu leikskóavist á tveimur kjörnum, Leirukoti og Tungukoti. Skólinn var síðan formlega vígður í blíðskaparveðri 22. september 2011. Leikskólastjóri er Gyða Vigfúsdóttir en aðstoðarleikskólastjóri og staðarhaldari fyrsta veturinn var Herdís Rós Kjartansdóttir en haustið 2012 tók við Guðrún Björg við.

Hugmyndafræði skólans byggir á mikilli og sterkri foreldrasamvinnu, Hjallastefnunni og Lífsmennt (e. Living Values Education). Unnið er í anda Hjallastefnunnar sem leggur áherslu á að mæta hverju barni eins og það er, jákvæðni, einfaldleika, gangsætt umhverfi, sköpun í stað tilbúinna lausna, virðingu fyrir náttúrunni og jákvæðan aga. Lífsmennt er námsefni sem byggir á 12 grundvallar lífsgildum. Auk þess er lögð rík áherslu á útivist og hreyfingu enda stutt stórkostlega og ósnortna náttúru Mosfellsbæjar. S.l. starfsár voru þar 42 börn á aldrinum 2ja til 5 ára.



## Krikaskóli

Skólastjóri: Þrúður Hjelm

Krikaskóli tók til starfa sumarið 2008. Útibú hans var staðset fyrstu tvö skólaárin í Helgafellslandi í færanlegum skólaflokkum og fékk það nafnið Brekkukot. Í Brekkukoti veturinn 2009-2010 voru 77 börn á leikskólaaldri í 6-9 tíma vistun. Í apríl 2010 flutti Krikaskóli í nýtt húsnæði við Sunnukrika. Við það fjölgaði börnunum nokkuð og í lok skólaársins 2011 voru leikskólabörnin orðin 102 og hefur sú tala haldist í kringum 100.

Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 2ja -9 ára og starfsemin tekur mið af Hugsmyndafræðingunni og skólaflokkum Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólaflokk í leik- og grunnskólum. Hugmyndasamkeppni var haldin um skólaflokk og hönnun skólans og upplýsingar þar af lútandi er að finna á heimasíðu skólans.

Áherslur í skólaflokk eru einstaklingsmiðað nám, lýðræðisleg skólamenning, merkingarbært nám með könnunaraðferð, náttúra og útikennsla, samþætting skólaflokk og tómstunda, heildstætt skólaár og skólaflokkur.



## Leikskóladeild í Lágafellsskóla

Leikskólastjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, Aðstoðarleikskólastjóri og daglegur stjórnandi: Sigurveig María Ingvadóttir. Í september 2007 var stofnuð leikskóladeild fyrir 5 ára börn í Lágafellsskóla í nýju húsnæði skólans. Húsnæðið var hannað m.t.t. að þar væru saman í námi og leik, börn á aldrinum 5-7 ára, 3 árgangar. Húsnæðið er nokkuð opið og með það að markmiði að auðvelda mætti samstarf og flæði milli árganga. Fyrsta skólaárið í húsnæðinu voru nýir námshættir þróaðir sem og samkennt milli árganga. S.l. starfsár voru þar 45 börn en sú fjölgun fólst í því að öll 5 ára börnin komu af Huldubergi yfir á Lágafellsdeild.



## Leikskóladeild í Varmárskóla

Veturinn 2012 – 2013 var engin starfsemi rekin fyrir 5 ára börn í Varmárskóla.




## Tölulegar upplýsingar um leikskólana

### Börnin

Þróun fjölda barna í leikskólum Mosfellsbæjar

Ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlaðhamrar	89	87	90	82	82	82
Hlíð	101	102	104	95	97	100
Hulduberg	146	146	146	142	137	135
Reykjakot	101	105	96	91	85	99
Krikaskóli	0	42	77	102	99	100
Varmárdeild	22	22	14	0	0	0
Lágafellsdeild	29	35	29	28	45	44
Leirvogstunga	0	0	0	0	32	42
Samtals	488	539	556	541	577	602





Fjölgun barna milli 2011 og 2012 eru 25 börn og fjölgun stöðugilda milli þessara ára eru 11,79 en þar af eru 4,5 í sérkennslu. Stöðugildi í leikskólum milli ára:

Ár	Hlaðhamrar	Hlíð	Hulduberg	Reykjakot	Krikaskóli	Varmárdeild	Lágafellsdeild	Leirvogstunga	Samtals
2005	22,56	25,12	30,4	29,15					107,23
2006	22	25,36	37,5	29,7					114,56
2007	22,94	25,71	36,81	26,2		4	4,17		119,83
2008	26,7	24	36,23	25,42	15,6	3,3	5,4		136,65
2009	25,98	25,90	35,67	26,78	20,9	3,0	4,35		142,58
2010	25,90	25,90	33,16	26,78	26,50	1	4,10		143,34
2011	24,90	24,23	35,09	23,30	28,43	1	6,2	6,23	149,88
2012	24,92	25,36	36,80	25,51	31,18	0,00	7,40	10,50	161,67

\* Breyting stöðugilda fylgir breytingum á sérkennslu- og stuðningsbörnum auk fjölda ungra barna hverju sinni.

Börn sem njóta sérstuðnings

Í lögum um leikskóla nr.90/2008 segir í 22. gr: **“Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkennðra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans”**

Á skólaárinu höfðu sálfræðingar á vegum ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu Skólaskrifstofu fasta viðveru í leikskólunum einu sinni í mánuði í hverjum leikskóla fyrir sig, eins og undanfarin ár. Sálfræðingarnir veittu ráðgjöf og greiningu vegna barna með sérþarfir, sálræna erfiðleika, hegðunarvandkvæði og/eða þroskafrávik. Þess skal getið að leikskólarnir hafa haft aðgang að talmeinafræðingi síðustu árin og svo var einnig á haustmánuðum 2012. Talmeinafræðingur veitir málgreiningu á þeim börnum sem óskað var eftir þ.e. framburðargreiningu og málþroskagreiningu og ráðgjöf til starfsmanna og foreldra.

Hljóm 2, sem er málþroskaskimunartæki, er lagt fyrir öll 5 ára börn leikskólans í október að fengu leyfi foreldra. Skimunarprófinu, sem er íslenskt að gerð, er ætlað að finna þau börn sem gætu lent í vanda við lestrarnám í grunnskóla. Með innleiðingu Hljóms 2, er hægt að bregðast fyrir við vanda sumra barna við formlegt lestrarnám. Niðurstöður HLJÓM 2 fylgja börnunum í grunnskólann þannig að grunnskólinn hefur mikilvægar upplýsingar um stöðu hvers barns m.t.t. lestrarnáms. Er það mikilvægt svo ekki fari tími til spillis hjá barninu við að hefja formlegt lestrarnám.

Samtals voru 21,9 stöðugildi í leikskólunum vegna stuðnings og sérkennslu sem er 4,5 stöðugilda aukning milli ára. Á síðasta skólaári var skipting þessara stöðugilda á leikskólanna þannig:

Stöðugildi vegna sérkennslu s.l. ár

1.des	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlaðhamrar	2,4	2,2	2	3,2	4,4	4,4	4,30	5,0	5,4
Hlíð	1,75	1,25	1,7	2,7	1,7	1,7	1,50	1,50	2,5
Hulduberg	2,9	3,6	3,1	3,13	2,1	2,1	1,70	3,0	3,0
Reykjakot	1,8	1,8	1,7	2,25	2,1	2,0	2,0	2,0	1,1
Lágafellsdeild					1	0,30	2,0	0,75	1,2
Krikaskóli						2	3	5,0	7,0
Varmárdeild				0,25	0,25	0,15			
Leirvogstunga								0,15	1,7
Samtals	8,85	8,85	8,5	11,53	11,55	12,65	14,80	17,4	21,9

Allar nánari upplýsingar um orsakir stuðnings og sérkennslu er að finna í ársskýrslu ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu Mosfellsbæjar.

## Daggæsla barna

### Dagforeldrar


Á síðasta ári voru starfandi í Mosfellsbæ 23 dagforeldrar og voru þær með í sinni gæslu 110 börn.

Samkvæmt Hagstofu 1. des 2012	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi dagforeldra	15	19	17	15*	18	24	23
Fjöldi barna	62	74	58	64	90	107	110
Fjöldi barna í dagvistun utan lögheimils sem greitt er með	18	12	5	3	7	8	5

Skólaskrifstofa hélt einn fræðslufund fyrir dagforeldra í samstarfi við Seltjarnarness, Garðabæ og Akranes. Að þessu sinn var haldið sértækt slysa- og forvarnarnámskeið fyrir dagforeldra og var það Herdís Storgaard sem hélt það. Dagforeldrarnir fengu ýtarlega möppu með helstu upplýsingum um slysa- og forvarnir í daggæslu barna í heimahúsi. Dagforeldrar í Mosfellsbæ eru allir meðlimir í félagi dagforeldra sem heitir Barnavistun og er ýmis námskeið og fræðsla einnig á þeirra vegum

### Gæsluleikvöllur

Sumarið 2013 var gæsluleikvöllur starfræktur í Njarðarholti í 24 daga (júlí og fyrstu vikuna í ágúst). Alls sóttu 87 börn leikvöllinn samanborið við 104 börn árið áður eða fækkun um 17 börn. Að meðaltali voru 15 börn á dag á vellinum en árið 2012 voru þau að meðaltali 22 á dag. Flest voru þau 28 yfir daginn. Gera má ráð fyrir að veður hafi eitthvað spilað þarna inn í hvað aðsókn varðar en þess má geta að sumarið 2011 sóttu 65 börn gæsluvöllinn. Af þessum 87 börnum voru 26 börn annað hvort ekki í leikskóla eða í leikskólum í öðrum sveitarfélögum en nánar má sjá skiptinguna hér að neðan.



## Foreldrasamstarf

Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum skólunum Mosfellsbæjar. Markmið þeirrar starfsemi er að stuðla að velferð barna, efla hag skólanna og koma á sem bestu samstarfi heimilis og skóla. Foreldrar eru ávalt velkomnir að dvelja með börnum sínum í skólanum og taka þátt í starfi þeirra og leik.

Ný lög sem sett voru í júlí 2008 gera ráð fyrir aukinni aðkomu foreldrar að leik- og grunnskólastarfi. Foreldrar eiga meðal annars að gera umsagnir um allar meiriháttar breytingar á skólastarfi, skólanámskrám og skóladagatali. Foreldrar leik- og grunnskólabarna taka mikinn þátt í starfsemi skólanna og hefur þátttaka aukist áberandi mikið sl. misseri auk þess sem foreldraráð skólanna hafa í auknum mæli tekið þátt í opnum húsum Skólaskrifstofu.

Foreldrar leikskóla- og grunnskólabarna eiga rétt til setu í fræðslunefnd með málfrelsi og tillögurétt.



## Opin hús

Skólaskrifstofan stóð fyrir fræðslukvöldum undir yfirskriftinni "Opin hús" í Listasal Mosfellsbæjar líkt og undanfarin ár. Opnu húsin miða að því að veita foreldrum, forráðamönnum, fagfólki og öðrum áhugasömum er koma að uppeldi barna og unglinga fræðslu og tækifæri á umræðum um ákveðin málefni er varðar uppeldi barna og unglinga í Mosfellsbæ á hverjum fundi.

Gefnar hafa verið út nýjar aðalnámskrár leik- og grunnskóla og er í þeim gengið út frá 6 grunnþáttum: læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi.

Veturinn 2012-13 var á opnum húsum sjónum beint að þessum þáttum og hvernig þeir snúa að foreldrum/forráðamönnum. Yfirskrift kvöldanna veturinn 2012 - 2013 var sem hér segir:

1. 31. október 2012 Vitund um læsi í víðum skilningi
2. 28. nóvember 2012 Hefur barnið þitt áhrif á eigið líf?  
Mannréttindi barna og þátttaka í lýðræði.
3. 30. janúar 2013 Það verður tamast sem í æskunni nemur  
Heilbrigði og velferð
4. 27. febrúar 2013 Sjálfbærni, ákall um ábyrgð og áhuga
5. 19. mars 2013 Jafnréttismenntun, tækifæri fyrir alla
6. 30. apríl 2013 Sköpun, flæði og gleði í lífi barna, heima og heiman

Samtals mættu 114 gestir á opnu hús Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar 2012-2013 eða að meðaltali um 19 gestir. Foreldrar grunnskólabarna eru í meirihluta eða 47 % gesta, sem er þó lægra hlutfall en áður en hlutfall fulltrúa eldri barna, gesta úr öðrum sveitarfélögum sem og afar og ömmur hélt áfram að aukast. Ástæða þess að gestir á opnum húsum voru færri þetta árið gæti verið það þema sem var þetta skólaárið en svo virðist sem aðalnámskrá sem efni opinna húsa kveiki síðar áhuga hjá foreldrum en önnur praktísk efni.

	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13
Heildarfjöldi gesta	130 <sup>2</sup>	142	299	340	114
Meðaltal gesta	18	28	50	57	19
Fulltrúar fj. barna	224	202	500	/	224
Meðaltal fulltr. barna	32	40	83	/	37
Grunnskólafor	65,6%	61,3%	57%	54%	47%
Leikskólafor.	18%	24,5%	26%	16%	19%
aðrir	16,4%	14,2	17%	30%	34%



<sup>2</sup> Fyrirlestur Ólafs Stefáns ekki talinn með en þar mættu um 400 gestir





## Fræðsla til starfsfólk leik- og grunnskóla

Sú hefð hefur skapast að halda sameiginlegan fræðsludag fyrir allt starfsfólk leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ og sér starfsfólk Skólaskrifstofu um skipulagningu þess dags. Haustið 2012 var gerð undantekning á því og héldu skólastigin endurmenntunardag hvort fyrir sig. Grunnskólarnir nýttu fræðsludaginn í ráðstefnur sem haldnar voru í Háskóla Íslands, Menntavísindasviði 13. og 14. ágúst. Annars vegar var um að ræða norræna rástefnu sem Íslenska lestrarfélagið stór fyrir og bar yfirskriftina "Hvatning, sköpun, meiri lestur" og hins vegar ráðstefnu sem Skólaþróunarfélagið hélt og var tileinkuð nýrri aðalnámskrá. Sú ráðstefna bara yfirskriftina „Ný námskrá: Boðar hún breytingar?“ Aðrir starfsmenn skólanna fóru á slysavarnarnámskeið á vegum Rauða krossins.

Skólaskrifstofa stóð fyrir fræðsludegi 20. ágúst fyrir starfsfólk leikskólanna sem sérsniðinn var fyrir leikskólastarfsseminu og tengdist aðalnámskránni. Þá gafst leikskólastarfsfólki tækifæri á að kynna sér starfshætti og stefnur í öðrum leikskólum í bæjarfélaginu, þ.e. öðrum en sínum.

## Endurmenntunarstarf SSH


Samstarfshópur á vegum SSH var settur á laggirnar til að undirbúa og skipuleggja sameiginlega endurmenntun kennara á höfuðborgarsvæðinu. Hvert sveitarfélag átti fulltrúa í hópnum og sat Magnea fyrir hönd Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar í hópnum en auk þess voru fulltrúar Menntavísindasviðs HÍ og Menntamiðju með í ráðum.

Meginverkefni skólaársins 2012-2013 var að skipuleggja og halda þrjú fræðslufundi sem fóru fram á vorönn 2013, haldnir í samstarfi við menntavísindasvið HÍ, um leiðsagnarmat. Hvert sveitarfélag fékk úthlutað ákveðnum fjölda pláss á hvern fyrirlestur, í samræmi við stærð sveitarfélaganna í samhengi við fjölda grunnskóla í hverju sveitarfélagi. Ef eitthvað sveitarfélag nýtti ekki öll sín pláss gátu önnur sveitarfélög fengið þau ef þörf var á. Reyndin varð sú að skólar í Reykjavík nýttu ekki pláss sín á neinum af þessum þremur fræðslufundum en önnur sveitarfélög gátu þegið þau. Aðsókn á fræðslufundina þrjú var góð og voru nálægt 300 þátttakendur á fyrri tveimur og nálægt 250 á þeim síðasta. Mikil og jákvæð viðbrögð komu fráfrá skólastjórnendum og kennurum við fræðslunni – jafnvel hvatningu til að halda áfram. Hluti af fræðslufundunum þremur í Skriðu um leiðsagnarmat var að taka fyrirlestrarana upp (hljóð og mynd). Markmiðið var að fræðslufundirnir yrðu einnig til fyrir þá sem ekki tóku þátt í fræðslunni og nýttist því öðrum kennurum sömuleiðis. Upptakan var gerð af starfsfólki HÍ (Smíðju menntavísindasviðs) en unnin fyrir vefúttgáfu af starfsfólki Menntamiðju. Samstarf náðist við Menntamiðju um að búa til vef sem gæti hýst efnið, sem fékk þessa vefslóð: <http://ssh.menntamidja.is>. Þar er hægt að sjá upptökur af fyrirlesturum, glærुकyningum fyrirlesara og myndir frá fyrirlesturum

## Nýjar aðalnámskrár leik- og grunnskóla

Með tilkomu nýrrar aðalnámskrá leik-, grunn-, og framhaldsskóla vorið 2011 hefur gefist tækifæri á að byggja upp samfellu í námi nemenda í gegnum grunnstoðir námskráanna, en þær eru sameiginlegar fyrir öll skólastigin. Grunnstoðirnar eru: læsi sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Bæði leik- og grunnskólar hafa verið í innri vinnu við innleiðingu aðalnámskrár og gerð nýrrar skólarnámskrá í kjölfarið. Áhersla í þeirri vinnu hefur verið á skólaþróun og sameiginlega þætti í fagmennsku kennara á öllum skólastigum.

Bæði leik- og grunnskólakennarar ásamt stjórnendum skólanna og starfsfólki Skólaskrifstofu hafa verið ötul við að sækja námskeið, ráðstefnur og skólaþing í tegslum við innleiðinguna og þá nýbreytini sem í námskránum hafa falist. Þá hefur Skólaskrifstofa staðið fyrir sérstakri fræðslu og umræðufundum um grunnþættina í öllum skólunum og fyrir foreldra. Skólarnir hafa unnið hver á sinn hátt að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár ma með því að greina þær breytingar sem koma fram frá síðustu námskrá og



unniðu út frá ákveðnum þáttum með það í huga að greina hvar skólinn stendur hvað varðar nýjungar sem boðaðar eru.

Nokkrar áherslubreytingar eru með tilkomu námskránnar svo sem aðkoma leikskólabarnanna og grunnskólanemendanna er meiri að ýmsum ákvarðanatökum er lúta að skólagöngu þeirra. Þá má einnig nefna að mat á skólastarfi og námsmat er útvíkkað að lögð áhersla á fjölbreyttni í mati. Þess má geta að bæði leik- og grunnskólar hafa á undanförunum árum verið í þróun með sitt starf og innleiðing aðalnámskrárinnar er viðbót við þá þróun.

## Mat á leik- og grunnskólastarfi

Innra mat fer fram í öllum leik- og grunnskólum sem Skólaskrifstofan fylgist með og fær upplýsingar um. Á heimasíðum grunnskólanna má sjá niðurstöður ýmissa kannanna svo sem skólapúlsins, foreldrakannanir, sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir. Í kjölfar nýrrar aðalnámskrár fer fram endurmat á öllum skólanámskrám grunnskólanna.

Í tengslum við innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár fer fram í leikskólunum heildarendurmat á skólastarfinu og gerðar eru umbótaáætlanir sem birtast í nýrri skólanámskrá hvers leikskóla.

Annað hvert ár gerir Skólaskrifstofa viðhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarna. Gerð var könnun í maí 2012. Niðurstöður könnunarinnar nýtist hverjum leikskóla í endurmatinu og eru það dýrmætar upplýsingar sem skólarnir fá í gegnum könnunina.

## Þróunar-, nýbreytni- og önnur verkefni

Líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk Skólaskrifstofu umsjón með einstökum verkefnum er lúta að leik- og grunnskólastarfi. Leik- og grunnskólar í Mosfellsbæ vinna að margskonar nýbreytni- og þróunarverkefnum.

### Tengsl milli skólastiga


Áralöng hefð er fyrir samstarfi leik – og grunnskóla í Mosfellsbæ. Samstarfið hefur meðal annars falið í heimsóknum leikskólabarna í grunnskólann að vori til að kynna börnum væntanlegan skóla. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna á þessum tímamótum. Þá eru haldnir árlegir „skilafundir“ samkvæmt reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli skólastiga vegna þeirra barnahópsins í heild og vegna barna sem þurfa á áframhaldandi stuðningi að halda þegar þau færast úr leikskóla í grunnskóla. Leikskólabörn á Reykjakoti, Leirvogstungu, Hlíð og Hlaðhömrum fóru líkt og fyrir ár í skólaheimsóknir í Varmárskóla og tóku þátt í skólastarfi með fyrstu bekkjum.

### Lýðheilsuverkefni

Mosfellsbær gekk til samstarfs við landlæknisembættið um heilsueflandi samfélag. Skólar Mosfellsbæjar hafa verið virkjaðir í því m.a. verið þátttakendur í rýnihópum. Lágafellsskóli og Varmárskóli eru báðir þátttakendur í verkefnum sem tengjast hugmyndum um heilsueflandi skóla, Lágafellsskóli er í samstarfi við Skólar ehf auk Eistlands og Lettlands. Að öðru leyti heldur lýðheilsuverkefnið áfram sem hluti af þróun skólanna í samræmi við áherslu landlæknis um heilsu og líðan skólabarna, sjá betur á heimasíðu landlæknisembættisins <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/>

### PALS (Peer Assisted Learning Strategies) „Pör Að Læra Saman“

Í niðurstöðum PISA rannsóknarinnar sem gerð var 2006 kom fram að grunnskólanemendur á Íslandi eru meðalnemendur alla skólagönguna ef skoðaðar eru allar þátttökupjóðir. Ef skoðuð eru þau lönd sem við viljum bera okkur saman við eru íslenskir nemendur undir meðallagi. Lesskilningsfærni íslenskra nemenda hefur hrakað mest á öllum þremur prófunum. Þegar niðurstöður PISA lágu fyrir



haustið 2007 var hafist handa að leita leiða fyrir kennara til að styrkja alla þætti læsis og lestrarkennslu sem gætu nýst í öllum aldurshópum. Í framhaldinu fór Skólaskrifstofa að skoða og kynna fyrir leik- og grunnskólum ýmis læsis hvetjandi verkefni. Á vordögum 2009 var kynnt fyrir skólastjórum leik- og grunnskóla PALS verkefnið og voru þeir áhugasamir á að innleiða það í skólum Mosfellsbæjar. PALS er bandarískt að uppruna og hafði ekki verið innleitt hér á landi fyrr. PALS byggir á þeirri hugmynda- og kennslufræðilegu nálgun að nemendur eru paraðir saman eftir ákveðnum reglum og æfa sig í ýmsum þáttum læsis allt eftir eigin getu. Þessi aðferð er í upphafi þróuð í USA til að kenna útflendingum ensku. Rannsóknir sýna aukinn orðaforða, betri málskilning og meira öryggi í lestri eftir að PALS kennsluáðferð er notuð. Aðferðina má nota í öllum bóklegum námsgreinum.

Innleiðing PALS hófst formlega haustið 2009 með námskeiði fyrir alla leik og grunnskólakennara í Mosfellsbæ undir leiðsögn Kristen L. McMaster Ph.D sem kom sérstaklega til landsins í þeim tilgangi að halda námskeið fyrir leik- og grunnskólakennara í Mosfellsbæ. Það var gert fyrir tilstuðlan Huldu Karen Daníelsdóttur, kennsluráðgjafa í málefnum tvítýngdra barna í Reykjavík.


Kennarar og stjórnendur í Mosfellsbæ sýndu strax mikinn áhuga á efninu og í kjölfarið var kennsluefnið keypt frá bandaríkjunum. Hafist var handa við að þýða það og staðfæra og nokkrir kennarar tóku það í notkun s.l. vetur. Skólaskrifstofa fékk styrk frá Sprotasjóði Menntamálráðuneytisins í upphafi ársins 2010 og gerði styrkurinn útslagið um að hægt væri að leggja í vinnu við þýðingar og staðfæringar á PALS efninu. Veturinn 2010-2011 hófst markviss notkun PALS í leik- og grunnskólum bæjarins. Vorið 2011 var handbók kennara fyrir 2. – 6. bekkjar gefin út á tölvutæku formi og um sumarið í bókarformi svo og tvær handbækur sem ætlaðar eru leikskólabörnum. Gerð var SVÓT greining hjá PALS kennurum um árangur innleiðingar og framgangi verkefnisins. Niðurstaðan var sú að almenn ánægja er með aðferðafræðina á bak við PALS og vilji var til áframhaldandi þróunar. Margar ábendingar komu fram sem unnið var með í framhaldinu. Árið 2012 lauk þróunarverkefninu formlega lokið og gerð var lokaskýrsla sem kom út sumarið 2012.

Veturinn 2012-13 hefur K-PALS handbók og kennsluefni verið í endurskoðun og endanleg útgáfa gefin út í júní 2013. Skólaskrifstofa stendur fyrir kynningu og námskeiðum á námsefninu á landsvísi í ágúst.

## TRAS

TRAS er faglegur matslisti sem á uppruna sinn í Noregi og hefur verið notaður víða á norðurlöndunum síðast liðin ár. TRAS er skammstöfun á *Tildig registrering av spraklutvikling i daglig samspill* sem hefur verið þýtt á íslensku sem **Snemmtæk skráning á málþroska barna**.

Markmiðið með matslistanum er að leikskólakennarar geti fylgjst með og fengið yfirsýn yfir málþroskaferli hvers barns. Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar var þátttakandi í þróun og staðfærslu listans sem og fylgigögnum tengdum honum s.s. handbók. Leikskólinn Hlaðhamrar tók listann í notkun á árinu 2010 sem þátttakandi að aðlögun listans og hélt áfram að nota listann veturinn 2011-12. Starfsmenn Hlaðhamra töldu listann vera gott tæki til að fylgjast með framvindu málþroska barna almennt og í kjölfarið hafa leikskólar bæjarins tekið TRAS með í mat á framvindu málþroska. Skólaskrifstofa mun halda áfram að styja við innleiðingu TRAS í leikskóla bæjarins og veita ráðgjöf og fræðslu eftir þörfum. Skráning á framvindu málþroskans í víðu samhengi verður einn hluti í mati leikskólans á framvindu þroska barnanna og verður hluti af heildarmati.



Auk áður nefndra verkefna eru í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar mikið um þróunar- og nýbreytniverkefni og sum hver búin að vera í einhver ári en hér verður sagt frá **nokkrum þeirra** sem voru í gangi skólaárið 2012-2013:

## Varmárskóli

- Þróunarverkefni – Varmárskóli – öndvegisskóli í vísindum og tæknimennt.
- Nordplus verkefni The big blue marble in the sky  
[http://www.varmarskoli.is/media/PDF/The\\_big\\_blue\\_marble\\_in\\_space\\_nordplus.pdf](http://www.varmarskoli.is/media/PDF/The_big_blue_marble_in_space_nordplus.pdf)
- Mikið samstarf var við Krikaskóla vegna barna í 4. bekk sem koma í 5. bekk haustið 2013 og ákveðin móttökuáætlun útbúin. Krakkkarnir hittust nokkrum sinnum yfir skólaárið.
- Komið var á samstarfi við Njarðvíkurskóla og lotukerfi í stærðfræði kynnt. Farið var í þetta samstarf vegna óviðunandi niðurstaðna í viðhorfu nemenda til stærðfræði sem fram kom í Skólapúlsinum. Njarðvíkurskóli skoraði þar hæst og tóku beðni okkar fagnandi. Út frá þessu var farið að huga að lotukerfi í stærðfræði og íslensku og hugsað út frá nýrri aðalnámskrá.
- Þemaverkefni 10. bekkinga eru orðinn fastur liður en þar var áhugamál þema nemenda. Opið hús var svo fyrir foreldra til að kíkja á afurðir hugmyndaríkra nemenda

Á heimasíðu Varmárskóla má sjá nánar um sum þessara verkefna

<http://varmarskoli.is/Umskolann/Throunarverkefni/> en auk þeirra var fjöldi annara verkefna stærri sem smærri.

## Krikaskóli

Unnið var sérstakt verkefni með foreldrum barna á aldrinum 6 til 9 ára í Krikaskóla skólaárið 2012-2013 sem lið í mati á innra starfi skólans. Haldin var fundur með foreldrum barna á aldrinum 6 til 9 ára þar sem allir kennarar kynntu námið, aðferðir og leiðir sem unnið er eftir. Foreldrar fengu einnig kynningu á því samstarfi sem er milli Krikaskóla og Varmárskóla en þangað færast stærsti hópur barnanna eftir 4 bekk. Farið var í að skilgreina styrkleika og veikleika í starfi skólans og umræður voru afskaplega frjóar. Mjög margar góðar ábendingar komu fram og við úrvinnslu skiptum við upp í eftirfarandi þemu; Námið, líðan og samskipti, aðstaða – húsnaði – umhverfi, sérstaða Krikaskóla og annað. Nokkrir þættir sem komu fram sem styrkleikar skólans birtust einnig sem veikleikar hans, sem er mjög áhugaverður flötur. Í framhaldi af þessari vinnu var ákveðið að vinna einnig með börnum á aldrinum 8 og 9 ára. Börnin skráðu þar á miðna það sem þau töldu vera gott í Krikaskóla og það sem þau töldu að þyrfti að bæta. Farið var yfir alla miðana sem komu fram og málin voru rædd. Börnin komu fram með ákaflega ganglegar ábendingar sem lúta að bæði hugmyndafræðilegum þáttum sem og praktískum atriðum. Skólaskrifstofa vann einnig sambærilegt mat með starfsfólki skólans í þremur hópum. Fulltrúar allra starfsstétta og aldurshópa innan skólans áttu þar fulltrúa. Mjög mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og verður haldið áfram að þróa það í Krikaskóla sem lið í mati á skólastarfi.

## Lágafellsskóli

- Þróun uppbyggingastefnunnar. Áfram var unnið samkvæmt hugmyndum Uppbyggingarstefnunnar, uppeldi til ábyrgðar. Teymi skipað kennurum og stjórnanda sá um áframhaldandi vinnu kennarahópsins með stefnuna.
- Útikennslusvæði - Uppbygging útikennslusvæðis við Litla skóg
- Leiðsagnarmat. Áfram unnið að þróun leiðsagnarmats og það uppfært til að koma til móts við mat á lykilhæfni samkvæmt nýrri aðalnámskrá.



- Skákkennsla. Boðið upp á skákkennslu í sérgreinarúllum í nokkrum árgöngum. Frá áramótum var boðið upp á skákkennslu utan hefðbundins skólatíma fyrir nemendur 1.-8. bekk, 70 nemendur nýttu sér það.
- Tækifæri til náms, nemendur með sérþarfir, fjölbreyttir kennsluhættir. Verkefni styrkt af Sprotasjóði og 2011-2014 unnið af umsjónarmanni námsvers eldri deildar. Helstu markmið verkefnisins eru að:
  - Mæta þörfum nemenda með sérþarfir með kennsluaðferðum sem auka virkni, getu, sjálfstæði og árangur í námi.
  - Nemendur standi jafnfætis öðrum nemendum í námi og stuðli að jafnrétti til náms með því að veita nemendum það færi að vinna sjálfstætt í stað aðstoðar stuðningsfulltrúa.
  - Auka sveigjanleika, fjölbreytni í kennsluháttum og kennsluaðferðum með notkun nútímatækni. Styrkleikar nemenda fái að njóta sín þar sem raunveruleikaheimur barna í dag er mikið tengdur tölum og tölvutækni.
  - Nemendur læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með hjálp tölvutækni við lestur, ritun og tjáningu.
  - Þróa notkun á forritum í kennslu.
  - Bæta læsi hjá nemendum í námsveri miðstigs og eldri deildar.
- Heilsueflandi skóli , Nordplus samstarfsverkefni. Verkefni sem unnið er 2011-2014, þátttökulönd eru Ísland, Eistland og Lettland. Unnið að því markmiði að kynna ungum nemendum heilsueflandi lífnaðarhætti með það að markmiði að leggja grunn að betri framtíð. Helstu markmið eru eftirfarandi:
  - Hvetja kennara til að kenna markvisst um heilsu í gegnum allar námsgreinar, fræða kennara um hollt fæði og heilsu. Hvetja kennara, nemendur og foreldra til bættra lífnaðarháttanna.
  - Miðla þekkingu til foreldra varðandi góða heilsu. Að skólayfirvöld styrki verkefnið og skynji mikilvægi þess. Að nemendur hreyfi sig meira.
  - Að efla þekkingu nemenda á heilbrigðum lífstíl. Að virkja nemendur í matargerð. Að kenna markvisst þætti sem snúa að hreyfingu utandyra. Að fræða nemendur með það að markmiði að þeir kjósi heilsusamlegt líf.
- Sérdeild. unnið að uppbyggingu sérdeildar sem opnuð verður í ágúst 2013
- Frístund. Þróun frístundarræðis fyrir miðstignemendur með sérþarfir
- Gæðagreinar. Notkun sjálfsmatsaðferða Gæðagreina, how good is our school? við innra mat skólans. Nánar útskýrt í sjálfsmatsskýrslu Lágafellsskóla fyrir skólaárið 2012-13.
- PALS - Jafningjamiðaðar námsaðferðir. Skólaárið 2012-2013 var unnið með PALS í 1.-8. bekk.
- Leið til læsis. Unnið var með Leið til læsis á yngsta stigi. Leið til læsis er titill á nýju yfirgripsmiklu stuðningskerfi í lestrarkennslu sem ætlað er kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Stuðningskerfið LtL er unnið af nokkrum sérfræðingum á sviði læsis með fulltyngi próffræðinga. Leið til læsis kerfið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning.

Nánar má sjá umfjöllun um flest þessara verkefna í skólanámskrám skólanna og á heimsíðum þeirra.

## Leikskólar

Í Leikskólum bæjarins voru ma. þessi nýbreytni/þróunarverkefni í gangi skólaárið 2012-2013

- Grunnþættir aðalnámskrá – fræðsla, aðlögun og innleiðing (allir leikskólar)
- TRAS
- PALS
- Amma Náttúra – (Hlíð og Hlaðhamrar)
- Hreyfing og nám – verkefni til eflingar hreyfinga og náms (Leirvogstunguskóli)
- Raddir barna – mat á skólastarfi (Hlaðhamrar)
- Útikennsla (Hlaðhamrar)
- Leikur og læra (Krikaskóli, Leirvogstunga)
- Samstarfsverkefni um lestur við Lions-klúbbinn Úrnar (Krikaskóli)
- Leikskólar og verkefnið atvinna með stuðning (Hlíð, Reykjakot, Krikaskóli)
- Tengsl leikskóla við atvinnulífið (Hlíð og bygging hjúkrunarheimilis)
- Sjálfbærni og vísindi, samstarf við RannUng (Hulduberg)
- Uppbygging Leirvogstunguskóla í samvinnu við foreldra (Leirvogstunguskóli)

Á vorönn 2012 hófst verkefnið **Leikum og lærum - ný menntastefna** sem Skólaskrifstofan leiddi í samvinnu við leik- og grunnskóla bæjarins, Markmið verkefnisins er að grunnþættir menntastefnu verði afgerandi inntak í skólanámskrám leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar. Ætlunin er að þróa birtingamynd og leiðir fyrir hvern grunnþátt og setja þær fram í skólanámskrá leik- og grunnskólanna og að grunnþættir menntastefnu verði sýnilegir í skólastarfi og merkingabærir í skólanámskrám. Veturinn 2012-13 stóð Skólaskrifstofa fyrir fræðslu og umræðum á öllum grunnþáttum nýrrar aðalnámskrá í hverjum skóla fyrir sig.

### Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk


Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk fór fram í hátíðarsal Lágafellsskóla fimmtudagskvöldið 7. mars og það í sextánda sinn sem keppnin var haldin. 10 nemendur úr grunnskólum Mosfellsbæjar, Lágafellsskóla og Varmárskóla kepptu til úrslita en allir nemendur í 7. bekk hófu keppnina í haust.

Allir keppendur stóðu sig með mikilli þryði og var keppnin jöfn og skemmtileg og voru dómara ekki öfundsverðir af hlutverki sínu. Keppendur fengu í viðurkenningarskyni fyrir þátttökuna, ljóðabókina „Nokkur ljóð“ eftir Þóru Jónsdóttur frá Félagi íslenskra bókaútgefenda og bókina Brekkukotsannáll eftir Halldór Laxness frá Mosfellsbæ. Að auki fengu þeir sem skipuðu fyrstu þrjú sætin verðlaun frá Eymundsson. Sigurvegarinn fékk nafn sitt jafnframt letrað á farandbikar. Úrslitin urðu þannig að Tjörvi Gissurarson úr Lágafellsskóla varð í fyrsta sæti, Amanda Lind Davíðsdóttir úr Varmárskóla varð í öðru sæti og Agnes Emma Sigurðardóttir úr Varmárskóla varð í þriðja sæti.



Dómarar í keppninni voru þær Sigríður Johnsen sem jafnframt var formaður dómnefndar, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Herdís Ragna Þorgeirsdóttir. Margt var um manninn á þessu hátíðlega kvöldi og fengu gestir að heyra keppendur lesa brot úr sögunni Benjamín Dúfa eftir Friðrik Erlingsson og ljóð eftir Þóru Jónsdóttur. Auk þess lásu keppendur ljóð sem þeir völdu sjálfir. Skólakór Varmárskóla söng þrjú lög auk þess sem þrír nemendur úr Listaskóla Mosfellsbæjar fluttu lifandi tónlist.

Á myndinni eru sigurvegarinn ásamt skólastjórum, formanni dómnefndar, formanni fræðslunefndar og bæjarstjóra Mosfellsbæjar.



Að keppninni standa Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn. Í samtökunum eru: Heimili og skóli, íslensk málnefnd, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Kennarasamband Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, Samtök móðurmálskennara í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara á hverjum stað

### **Litla upplestarkeppnin**

Stofnað var til nýs þróunarverkefnis í 4. bekk í grunnskólum Mosfellsbæjar á síðasta skólaári sem heitir Litla upplestarkeppnin. Allir nemendur í 4. bekk grunnskólanna voru þátttakendur í verkefninu. Keppnin hófst formlega á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember og lauk með sérstökum lokahátíðum í hverjum skóla fyrir sig á vormánuðum í viðurvist foreldra, skólastjórnenda og kennara ásamt fulltrúa Skólaskrifstofu. Keppnishugtakið í Litlu upplestarkeppninni felur fyrst og fremst í sér það markmið að nemendur keppi að betri árangri og eru ekki að keppa við bekkjarfélagana heldur sjálfan sig og stefna stöðugt að því að bæta framsögn og upplestur, að verða betri í dag en í gær. Litla upplestarkeppnin er líkt og Stóra upplestarkeppnin unnin í samvinnu við Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn. Umsjón með verkefninu í skólunum voru umsjónakennarar 4. bekkja í samstarfi við Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

### **Laxnessfjöðrin**

Samtök móðurmálskennara buðu Lágafellsskóla og Varmárskóla að taka þátt í verkefni um sköpun í rituðu máli. Nemendum 9. bekkinga var boðið að vinna að ritlistarverkefnum ásamt íslenskukennurum á vormánuðum. Tveir nemendum hvorra skóla voru síðan valdir úr hópnum sem þóttu frumlegastir og andríkastir til að hljóta svokallaða Laxnessfjöður sem Erlingur Jónsson myndhöggvari hannaði. Þriðjudaginn 28. maí var komið að verðlaunaafhendingu og veitti frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti fjórum stúlkum úr Mosfellsbæ Laxnessfjöðrina. Þær Margrét Dís Stefánsdóttir og Kristjana Björnsdóttir úr Varmárskóla og Andrea Dagbjört Pálsdóttir og Diljá Guðmundsdóttir úr Lágafellsskóla hlutu viðurkenninguna í ár fyrir verk sem þær sömdu í tengslum við ritunaráttak innan skólanna.

### **Samstarf skólaskrifstofa**

Skólaskrifstofan leggur áherslu að vera í samstarfi við önnur sveitarfélög. Slíkt samstarf nýtist einkar vel og má þar t.d. nefna samning sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa gert með sér um flutning barna milli sveitarfélaga og rétt þeirra til að vera áfram í leik- og grunnskóla í gamla sveitarfélaginu þar til það fær skólavist í því nýja. Ennfremur er samstarf um nýungar og þróun í starfi leikskólanna svo og í stjórnsýslunni.

Starfsfólk Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar, Skólaskrifstofu Akraness og Skólaskrifstofu Borgarbyggðar hittast einu sinni til tvisvar á ári og bera saman bækur sínar. Kynnt er hvað er á döfinni í skólamállum á hverjum stað og bera starfsmenn saman bækur sínar með því hugarfari að miðla hver öðrum af reynslu sinni og verkefnum. Að auki hittast fulltrúar Skólaskrifstofa á landsvísu á árlegum fundi og var sá fundur haldinn á Höfn í Hornafirði í maí þar sem fulltrúar ráðuneytis, Námsmatstofnunar og Sambands íslenskra sveitafélaga komu. Efni fundarins var ytra mat leik- og grunnskóla og kynning á fyrirhuguðum námskeiðum fyrir héraðsmatmenn, starfsáætlanir leikskóla - tenging við innra mat, tvöföld leikskóladvöl, talmeínámálin, staða kjarasamningsviðræðna, næstu skref, staða og efling leikskólástigsins, staða innleiðingar aðalnámskráa leik- og grunnskóla, næstu skref og að lokum þróun sérfræðiþjónustu í skóla án aðgreiningar.

## Listaskóli Mosfellsbæjar

Listaskóli Mosfellsbæjar var stofnaður 2. febrúar 2006. Listaskóli Mosfellsbæjar er rekinn og studdur af sveitarfélaginu. Listaskólinn samanstendur af tónlistardeild (sem áður var Tónlistarskóli Mosfellsbæjar), Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar, og Leikfélagi Mosfellssveitar. Allar undirstofnanir Listaskólans nema tónlistardeildin eru reknar sem sjálfstæðar einingar og gerðir hafa verið samstarfssamningar á milli Listaskólans og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellssveitar. Markmið Listaskólans er að samþætta starfsemi þessara stofnana og að tryggja tengsl milli þeirra. Þá er lögð áhersla á að fléttuð verði saman starfsemi Listaskólans við grunn- og leikskóla. Hlutverk Listaskólans er einnig að auka tengsl við aðila utan stofnana bæjarins, ekki síst starfandi listamenn. Það má því segja að Listaskóli Mosfellsbæjar sé regnhlíf yfir fjölbreytta listastarfsemi í Mosfellsbæ.

Meginverkefni skólans er að auka færni og skilning nemenda, gera þá sjálfbjarga flytjendur og njótendur tónlistar, glæða hjá þeim áhuga á hverju viðfangsefni og búa þau undir lífið á sem bestan hátt. Fastir liðir í starfinu eru öflugt tónleikahald, auk tónlistarflutnings við flest möguleg tækifæri, þar sem nærveru okkar er óskað. Skólahljómsveitin leikur opinberlega meira en 60 sinnum á ári og svipaður fjöldi tónleika er í tónlistardeildinni, þar af um 30 tónleikar í opinni viku í lok febrúar, þar sem heimsóttir eru allir skólar bæjarins, stofnanir og fyrirtæki. Nánar má lesa um starfsemi Skólahljómsveitarinnar í ársskýrslu þeirra.

Listaskólinn hélt 36 opinbera tónleika, flesta í Listasal Mosfellsbæjar og voru þeir allir vel sóttir. Af þessum tónleikum voru svo 3 í Mosfellskirkju. Einnig var leikið í Íþróttamiðstöðinni að Varmá í janúar, þegar afhentar voru viðurkenningar til íþróttamanna Mosfellsbæjar. Þá komu nemendur og kennarar skólans fram í nokkrum messum í Lágafellskirkju. Það er eitt af markmiðum skólans að gera starfsemina sýnilegri í bæjarfélaginu og efna til samstarfs við ýmsa aðila. Þetta samstarf hefur aukist ár frá ári. Stærsti liðurinn í því er opin vika, sem nú var 18.-22. febrúar. Þá brjótum við upp hefðbundið starf í skólanum og höldum tónleika víðs vegar um bæinn. Í þetta sinn voru heimsóttir 1.-6. bekkir í grunnskólunum. Í ár urðu þeir tónleikar 12 talsins.

Dagur Listaskólans var haldinn hátíðlegur í 6. skipti laugardaginn 2. mars. Í þetta sinn var eingöngu opið hús í Háholti 14 og Skólahljómsveitinni og þótti það takast mjög vel og ástæða til að hafa framhald á næsta vetur, enda fengum við yfir 300 manns í heimsókn. Myndlistarskólinn setti upp sýningu á göngum Listaskólans og Leikfélagið frumsýndi Kántrý Mos í Bæjarleikhúsinu. Gott samstarf er við nokkra kóra í Mosfellsbæ og Karlakór Kjalarness og Listaskólinn útvegar þeim æfingaaðstöðu til að halda æfingabúðir og Kammerkór Mosfellsbæjar æfðir reglulega í skólanum undir stjórn Símonar Ívarssonar, svo og kór starfsfólks á leikskólum bæjarins, kvennakórinn Stöllurnar, sem Ragnheiður Árnadóttir stjórnar. Foreldravikur eru fastur liður í starfi tónlistardeildar og skólahljómsveitar, en þá gefst foreldrum kostur að mæta með nemendum í spilatímana, fylgjast með kennslu og ræða við kennarana.

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskóla, fór fram í þriðja skiptið í mars. Í undankeppninni, sem fram fór í Fjölbautarskóla Suðurlands á Selfossi, átti Listaskólinn sína fulltrúa. Annars vegar gítarnemendurna Atla Frey Hjaltason og Atla Tobíasson Helmer og hins vegar Maríu Helgu Jónsdóttur flautuleikara. Stóðu þau sig með mikilli þryði og voru skólanum og sveitarfélaginu til sóma. Í þetta sinn vantaði herslumuninn á að við kæmumst áfram á lokahátíðina í Hörpu.

	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011	2011-2012	2012-2013
Stöðugildi	14,5	15,6	16	15,7	14,5	14,5	14,5
Fjöldi starfsmanna	25	29	28	28	28	28	28
Nemendafjöldi	214	234	259	249	247	247	228





## Lokaorð

Skólastarf í Mosfellsbæ hefur þróast mikið á sl. árum og áhugavert er að skoða þá fjölbreytni sem einkennir skólastarfið, hvort sem litið er til leikskóla, grunnskóla, frístundasels og Listaskóla.

Vinna við innleiðingu nýrra aðalnámskráa í kjölfar nýrrar menntastefnu hefur verið fyrirferðamikil í starfi leik- og grunnskóla síðastliðin tvö ár. Innleiðingin felur í sér bæði breytta kennsluhætti og námsmat auk almennrar skólaþróunar. Lögð var áhersla á að fá foreldra til samræðna um þær breytingar sem nýjum aðalnámskrám fylgir sbr. efni Opinna húsa. Vinna við innleiðingu aðalnámskrá verður áfram þungamiðja næstu árin enda er um stefnubreytingu að ræða í íslensku skólasamfélagi.

Ársskýrslan endurspeglar það gróskumikla starf sem er í gangi í skólum Mosfellsbæjar og er langt frá að allt sé upp talið því mörg minni og stærri verkefni eru í gangi á hverjum stað. Mikilvægast er hið daglega starf og sú festa sem einkennir gott skólastarf.

Börnum á leik- og grunnskólaaldri hefur fjölgað og virðist ekkert lát á, kallar það á mikinn sveigjanleika og aðlögun innan skólanna, framsækni við úrlausnir og nýjar leiðir við þau verkefni sem þessari fjölgun fylgir.

Starfsfólk skólastofnanna Mosfellsbæjar á heiður skilið fyrir sitt framlag til skólasamfélagsins og ljóst að lykilinn að árangursríku skólastarfi er þegar allir hlekkir skólasamfélagsins vinna saman.

ágúst 2013

Gunnhildur María Sæmundsdóttir, skólafulltrúi  
Magnea Steinunn Ingimundardóttir, verkefnastjóri